

Þjóðmál

ERINDI FLUTT Á STJÓRN MÁLASKÓLA VARÐAR

9. febrúar til 20. marz 1959

LANDSMÁLAFÉLAGIÐ, VÖRÐUR

1959

EFNISYFIRLIT:

<i>Ólafur Thors, form. Sjálfstæðisflokksins:</i>	
Ávarp	bls. 5
<i>Bjarni Benediktsson, ritstjóri:</i>	
Um stjórnskipun lýðveldisins	— 7
<i>Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri:</i>	
Um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar	— 15
<i>Jóhannes Zoëga, verkfræðingur:</i>	
Um náttúruauðæfin — vatns- og hitaorku	— 32
<i>Guðjón Hansen, tryggingafræðingur:</i>	
Um þjóðina	— 47
<i>Ólafur Björnsson, prófessor:</i>	
Um efnahagsmálin	— 60
<i>Birgir Kjaran, hagfræðingur:</i>	
Sjálfstæðisstefnan	— 70
<i>Ólafur Björnsson, prófessor:</i>	
Stefnan í efnahagsmálum	— 86
<i>Magnús Jónsson, alþingismaður:</i>	
Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn	— 101
<i>Jóhann Hafstein, bankastjóri:</i>	
Um kommúnisma	— 118
<i>Sravar Pálsson, viðskiptafræðingur:</i>	
Skattamálin	— 144
<i>Þorvarður Jón Júlíusson, hagfræðingur:</i>	
Viðskiptamálin	— 156
<i>Gunnar Helgason, erindreki:</i>	
Verkalýðsmálin	— 168
<i>Þorvaldur Garðar Kristjánsson, lögfræðingur:</i>	
Félagsmálin	— 182
Eftirmáli	— 203

Birgir Kjarian, hagfræðingur:

Um Sjálfstæðisstefnuna



1.

Þegar í daglegu tali er rætt um hugmyndir þær og skoðanir, sem greina menn innan vébanda eins þjóðfélags í stjórnmálaflokka, er ósjaldan lagður talsvert mismunandi skilningur í hugtakið stjórnmálastefna. Sumir málafylgjumenn, svo sem t. d. kommúnistar og aðrir marxistar, telja stefnu sína beint lífsskoðun, sem móti allt lífsmat og lífsviðhorf þeirra, sem stefnuna aðhyllast, skapi einstaklingum og þjóðum nýtt lífsform, sem leiði til þess, að í raun rétttri taki ekki einvörðungu þjóðfélagið breytingu, heldur maðurinn sjálfur. Úr deigluinni steypist nýtt mannfélagsfyrirbæri, ný manngerð, hinn kommúnistíski maður, sem hugsí, álykti og lifi samkvæmt díalektískum lögmálum þeirra Marx og Lenins. — Slíkar stefnur eru í senn trú, heimspeki og stjórnmálaleg hugmyndakerfi. Þær gera kröfu til þess að eiga maðinn allan og móta hugarheima hans og brauðstrit frá vöggu til grafar. Þar er ekki lengur rúm fyrir sjálfstæða hugsun, og viðleitni einstaklinga til hlutlægs mats á fyrirbærum þjóðfélagsins er ofaukið, því að fyrirfram ákveðin kreddulögmál og kennisetningar segja fyrir um alla framvindu og fyrirskipa viðbrögð einstaklinga og stétta, sem ætlað er það svigrúm eitt á mannlífinu, að gegna einhverjum „sögulegum hlutverkum“. Stjórnmálaskoðanir af þessum toga spunnar, eða réttara sagt slík

„stjórnmálatrúarbrögð“, eru samkvæmt eðli sínu óumburðarlynd, þola enga gagnrýni og eru því þröskuldur í vegi gervallrar framþróunar. Þær vilja ganga milli bols og höfuðs á öllum öðrum stefnum og eira því ekki, að menn myndi sér aðra lífsskoðun. Nærtækt sýnishorn af slíku skoðanaofríki stjórnmálatrúarinnar var frétt frá Kadarstjórninni ungversku, sem á sínum tíma var birt í dagblöðum víða um heim og var þess efnis, að stjórn þessi muni „uppræta alla, sem hafi rangar lífsskoðanir“, eins og það er orðað. — Örlög þessara ofsatrúarbragða í stjórnmálagervi verða, ef að líkum lætur, hin sömu og annarra trúaröfga fyrir á öldum, að mannleg, heilbrigð skynsemi og hæfileg reynsla bera þau ofurlíði og áfram þróast þjóðfélög eftir því, sem þroski þegnanna vex og siðmenningu og framleiðslutækni fleygir áleiðis.

Öðrum hættir til að láta stjórnmálaviðhorf sitt draga um of dóm af augnabliksafstöðu til einstakra dægurmála. Dægurmálin eru að vísu snar þáttur stjórnmálanna og vissulega oft tiltölulega fyrirferðarmesta atriði daglegrar stjórnmálabaráttu, en engu að síður eiga þau að dómi okkar Sjálfstæðismanna ekki að skipa fyrirrúm, þegar menn marka sér stöðu, því að það eru markmið meginstefnunnar, sem ráða eiga afstöðu til dægurmálanna, en ekki öfugt. Í skemmsta máli sagt gerir Sjálfstæðisstefnan ekki kröfu til þess að teljast lífsskoðun. Hún eftirlætur Guði það, sem Guðs er, og keisaranum það, sem keisarans er, og takmarkar verkefni sitt almennt við lausn mannfélagsmála. Það er svo annað sjónarhorn, að yfirleitt aðhyllast Sjálfstæðismenn síðalögmál og viðhorf kristinnar trúar og telja þá lífsskoðun bræðralags, mannkærleika og umburðarlyndis sigurstranglegru um alla jörð en marxistíska díalektik holdgaða í trúaröfsa-lífsskoðun mannhatars og stéttastríðs, sem í eðli sínu er andlegt afturhvarf til svartnættis þeirra alda, er hlóðu frjálsri hugsun bálkesti og frömdu mannlót til dýrðar guði kennisetninganna.

Sem fyrr segir er Sjálfstæðisstefnan, enda þótt hún geri ekki kröfu til þess að teljast lífsskoðun, heilsteypt hugmynda-

kerfi um stjórnarhætti og þjóðfélagsmál og því annað og meira en óljós dægurmálastefna. Skali nú að þeim efnum vikið og þá jafnframt nokkuð minnzt almennt á þau ágreiningsatriði, sem nú á tímum skipa mönnum í stjórnmalaflokka.

2.

Flokkaskipan sú, sem er uppi á Vesturlöndum og raunar víðast í hinum frjálsa heimi, og er þar átt við þau lönd, þar sem svo mikið lýðræði ríkir, að heimilaðir eru stjórnmalaflokkar, fleiri en einn, og frjalsar kosningar látnar fara fram á reglulegum tímafresti, á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til heimspekinga 18. aldarinnar, franskra, enskra og þýzkra, og svo beint til áhrifa sjálfrar frönsku byltingarinnar og síðar hinnar amerísku byltingar og frelsisskrár. Frá þessum tímum stafa nafngiftirnar „konservativ“, íhaldsamur, „liberal“, frjalslyndur, „vinstri“ og „hægri“ o. s. frv. Nafngiftir, sem lengi hafa tíðkapt í ýmsum löndum, en eru nú víða orðnar úreltar, eins og t.d. hér á landi, hafi þær þá, ef að er gáð, nokkurn tíma verið réttnefni samkvæmt íslenzkri flokkaskipan.

Þau grundvallaratriði, sem hér á landi og annars staðar hafa ráðið mestu um flokkaskiptingu og orðið uppistaða í hinum ólíku stjórnmalastefnum, eru eftirfarandi:

- 1) Ríkið, vald og hlutverk þess.
- 2) Stjórnarharið, hlutdeild þegnanna í stjórn ríkisins.
- 3) Eignarrétturinn og rekstrarform fyrirtækja.

Það er mismunandi afstaða og viðhorf til þessara þriggja félagslegu frumhugtaka, sem drýgstan þátt á í því að skipa mönnum í mismunandi stjórnmalaflokka. Mun ég freista þess að gera í stórum dráttum grein fyrir skoðunum Sjálfstæðismanna á þessum hugtökum, skýra félagsmálaviðhorf þeirra í öðrum efnum og reyna þannig að draga fram meginþætti og útlínur þess stjórnmalahugmyndakerfis, er

nefnist Sjálfstæðisstefna. Á grundvelli hennar hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið stofnaður til að vinna að þeim markmiðum, er stefnan setur, eftir þeim leiðum, sem flokkurinn velur.

Sjálfstæðisflokkurinn er hreinræktað, íslenzkt fyrirbæri, sprottinn úr íslenzkum jarðvegi, skapaður af íslenzkri hugsun, til orðinn vegna íslenzkrar nauðsynjar og mótaður af íslenzkum staðháttum. Hugmyndaheimur Sjálfstæðisstefnunnar verður því ekki rakinn til annarra landa og þjóða á sama hátt og gera má t. d. við hugmyndir og skoðanir kommúnista og jafnvel samvinnumanna. Því ber þó ekki að neita, að um fjölmörg grundvallarsjónarmið í mannfélagsmálum hafa þeir, er sniðu Sjálfstæðisstefnunni stakk, orðið fyrir áhrifum af hugsuðum annarra þjóða, en þeir hafa hins vegar vendilega gætt þess að brjóta aldrei lögmál íslenzks þjóðarskaplyndis; að aðhæfa hið erlenda þjóðlegum erfðum, en sveigja ekki það íslenzka til þess að taka á sig erlent svipmót. Sjálfstæðisflokkurinn verður því með engu móti dreginn í dilk með einhverjum tilteknum, erlendum stjórnmalaflokkum, hvorki svo nefndum frjalslyndum né íhaldsflokkum. Þetta á og sennilega m. a. rætur sínar til þess að rekja, með hvaða hætti var stofnað til Sjálfstæðisflokksins, og þeirra eðliseinkenna hans að vera lífrænn flokkur, sem tekið hefur náttúrulegum breytingum í samræmi við sjálfa þjóðfélagsþróunina. Djörfung til þess að aðhæfa sig breytingum félagsþróunarinnar hefur forðað Sjálfstæðisstefnunni frá því ómurlega hlutskipti annarra stjórnmalastefna að staðna í blindri trú og stirðnuðum kenni-setningaflækjum og daga uppi sem úrræðalaust nátttröll í átökum við verkefni nýrra framleiðslu- og þjóðfélagsháttanna. Hæfni Sjálfstæðisstefnunnar til þess að mæta viðfangsefnum nýrra tíma með fordómalausum raunsæi og þannig að halda sér í lífrænum tengslum við hverja nýja kynslóð þjóðarinnar, sem sprettur úr grasi, hefur reynzt henni slíkt Iðunnar-epli, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur sérstöðu um stærð og innri byggingu á meðal borgaralegra flokka á Vesturlöndum.

Þess var getið, að sérkenni og séreðli Sjálfstæðisflokksins og stefnu hans mætti að nokkru rekja til uppruna hans, því að eins og kunnugt er, var Sjálfstæðisflokkurinn stofnaður árið 1929 við samruna Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Að svo miklu leyti sem um áhrif erlendra hugsuða er því að ræða á hugmyndakerfi Sjálfstæðisstefnunnar, má segja, að þau séu öðrum þræði í ætt við heimspekinga allt frá Aristoteles til Edmunds Burk og Georgs Hegel, sem varðveita vilja félagsleg verðmæti og að hinu leytinu spröttin af þeim rötum, er frelsisskoðanir J. St. Mill, A. Smith og Richardo skutu.

3.

Við stofnun Sjálfstæðisflokksins árið 1929 var þegar í upphafi mörkuð grundvallarstefna hans, og voru tvö fyrstu atriði hennar þess:

Í fyrsta lagi:

„Að vinna að því að undirbúa það, að Ísland taki að fullu og öllu sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina, jafnskjótt og 25 ára samningstímabil sambandslaganna er á enda.“

Í öðru lagi:

„Að vinna í innanlandsmálum að víðsýni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.“

Þessi tvö atriði úr fyrstu stefnuskrá flokksins eru enn í dag kjarni málsins, þótt þau hafi e. t. v. stundum síðar verið ýtarlegar og snjallar orðuð í stjórn málaályktunum flokksins og samþykktum landsfunda hans.

Í skýringum mínum við stefnuskrána mun ég hér fyrst víkja að þeim atriðum, er fram koma í öðrum lið hennar.

Þar segir, að flokkurinn vinni að *þjóðlegri umbótastefnu*. Í þessu felst í fyrsta lagi, að Sjálfstæðisflokkurinn er ekki

afturhaldsflokkur, ekki kyrrstöðuflokkur og ekki heldur byltingarflokkur, heldur framsækinn umbótaflokkur, sem beita vill áhrifum sínum til að breyta og bæta þjóðfélagið eftir leiðum þróunarinnar, stig af stigi í hæfilegum áföngum, eftir því sem efnahagur og félagsaðstæður leyfa á hverjum tíma. Sjálfstæðisstefnan vill því umbætur og framfarir, en ekki afturhald og kyrrstöðu, en telur jafnframt, að þjóðfélagsbæturnar eigi ekki og þurfi heldur ekki í lýðfrjálsum löndum að knýja fram með ofbeldi byltingarinnar, heldur beri að ganga föstum skrefum götu friðsamrar þróunar.

Þá segir og, að umbótastefnan skuli vera þjóðleg. Með þessu markaði Sjálfstæðisflokkurinn sér stöðu sem þjóðlegur flokkur. Í því felst, að hann telur sig ekki eiga neina sérstaka skoðanaförunauta með öðrum þjóðum, og þaðan af síður álitur hann stefnu sína alþjóðastefnu. Sumir aðrir stjórn mála flokkar íslenzkir hafa fylkt til samstöðu með öðrum erlendum flokkum, svo sem Alþýðuflokkurinn, er gerir tilkall til „bræðraflokka“ víðsvegar um Evrópu, kommúnistar telja sig alls staðar í nánum tengslum ef ekki beint deild úr hinni alþjóðlegu kommúnistahreyfingu með höfuðaðsetri í Moskvu, og jafnvel Framsóknarflokkurinn álitur sig og í ýmsum efnum eiga nána samleið með hinum alþjóðlega samvinnufélagsskap. Þá telja og sumir íslenzkir stjórn mála flokkar, að flokksmenn þeirra eigi frekar að vænta samfylgdar og stuðnings hjá stéttum og flokkum annarra þjóða, eða jafnvel öðrum atvinnustéttum, og því eggja þeir flokksmenn sína frekar til að kynnast og blanda geði við slíka útlenzka, sem þeir leita traust og halds hjá, en ótínda íslenzka af öðru sauðahúsi. Öllum þessum kenningum hafnar Sjálfstæðisstefnan, sem gerir aðeins kröfur til þess að vera íslenzk stefna, sem einungis hafi þann tilgang og sé þess umkomin að leysa viðfangsefni Íslendinga. Álitur hún stjórn mála skoðanir hvorki vöru til út- né innflutnings, og fari svo bezt á, að hver þjóð finni lausn eigin vandamála, þá muni og samskipti þjóða verða eðlileg og auðleysanlegri. Með því að telja Sjálfstæðisstefnuna þjóðlega stefnu, er átt

við, að hún viðurkenni, að þjóð og þjóðerni séu staðreyndir, sem skipti meginmáli við lausn allra þjóðfélagsvandamála. — Sjálfstæðisstefnan leggur því á það höfuðáherzlu, að með varðveislu þjóðtungunnar, með rækt við þjóðarsöguna, með virðingu fyrir þjóðerninu, séu bezt treystir hornsteinar heilbrigðs og sjálfstæðs, íslenzks þjóðfélags. Heilbrigð þjóðerniskennd og hollur metnaður hvetja þjóðina til dáða og framfara og eiga ekkert skylt við kynþáttadramb og þjóðernishroka, sem geta af sér kúgun og ofmetnað, hindra framfarir og þroska og leiða til hvers kyns ófarnaðar. Heilbrigð þjóðernisstefna ber virðingu fyrir þjóðerni annarra og metur að jöfnu rétt annarra þjóða til frelsis og sjálfstæðis. Þess vegna er þjóðernisstefna Sjálfstæðismanna aðeins önnur hlið á hinni almennu sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. —

4.

Í annarri grein frumstefnuskrárinnar segir og, að baráttu flokksins sé á *grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis*. Þessi eina setning hefur að geyma afstöðu Sjálfstæðisstefnunnar til þeirra atriða, er ég áður gat um, að oft réðu mestu um skiptingu manna í flokka. Þessi fáorða setning er í sjálfu sér tæmandi svar við spurningunni um afstöðu Sjálfstæðisstefnunnar til ríkis, stjórnarfars og eignaréttar. Skal það þó til frekari glöggvunar skýrt eilítið betur. Í þessari grein er sem sé undirstrikað það frelsishugtak, sem flokkurinn berst fyrir, en í því felst beint og óbeint afstaða flokksins til félagsfyrirbæranna einstaklingur, stétt, ríki og þá jafnframt til hinna mismunandi rekstrarforma í atvinnulífinu.

Félagsvirðhorf Sjálfstæðisstefnunnar byggist á trúnni á manninn, þroskamöguleika hans, hæfni til þess að stjórna sér sjálfur, til að velja og hafna og til að leita sjálfur að eigin lífshamingju án þess að troða öðrum um tær eða þurfa á fyrirsögn eða handleiðslu annarra manna að halda um eigin mál. Í krafti trúarinnar á manninn telja Sjálfstæðismenn, að

einstaklingurinn skuli njóta mannhelgi, og að frumréttur hans sé frelsið, andlegt frelsi og efnahagslegt frelsi. Æðsta takmark samfélags á því að vera að veita einstaklingunum allt það frelsi, sem þeir þarfnast til þess að fá að fullu notið hæfileika sinna og mannkosta, án þess að þrengja eða óvirða rétt annarra einstaklinga eða tefla öryggi þjóðarheildarinnar í hættu. Sérhver einstaklingur er því verðmætasta eining þjóðfélagsins, en ekki sérhver stétt eða aðrar félagseiningar, eins og sumar aðrar þjóðmálastefnur vilja láta í veðri vaka.

Ríkið hefur engan tilgang í sjálfu sér, og sízt af öllu eru þegnarnir til vegna ríkisins. Ríkið er aðeins rammi utan um þjóðfélagið. Ríkið er til vegna þjóðarinnar og aðeins vegna hennar. Engu að síður er ríkið þýðingarmesta tæki þjóðarinnar sökum þess fjölbreytilega hlutverks, er það getur gegnt. Meginverkefni ríkisins eru frá sjónarmiði Sjálfstæðisstefnunnar:

- 1) Að viðhalda skipulegu þjóðfélagi með skynsamlegri löggjöf.
- 2) Að tryggja frelsi og öryggi þegnanna með því að halda uppi lögum og rétti innanlands og að vernda öryggi þeirra út á við.
- 3) Að fullnægja ýmsum sambörfum þegnanna, t. d. á sviði félags-, heilbrigðis-, mennta-, samgöngumála o. fl.
- 4) Að stuðla að eða taka þátt í atvinnurekstri undir vissum kringumstæðum, ef félagsnauðsyn krefur.

Að dómi Sjálfstæðismanna hefur á síðari árum gætt mjög hættulegrar öfugþróunar varðandi hið íslenska ríki, vald þess og verksvið. Afskipti ríkisvaldsins af högum einstaklinga hafa farið stöðugt vaxandi, og á mörgum sviðum hefur verið verulega þrengt að frelsi þeirra, jafnframt því sem ríkið hefur í æ ríkari mæli gerzt beinn aðili í atvinnurekstri, ýmist með fríðindaaðstöðu í samkeppni við einstaklinga eða það hefur skammtað sér lögverndaða einokunaraðstöðu og þannig úti-

lokað einkareksturinn. Á hinn bóginn hefur hlutverk ríkisins sem verndari laga og réttar með ári hverju orðið vanmáttugra, þannig að ýmis stétta- og hagsmunasamtök eru nú orðin mun öflugri valdaþættir í þjóðfélaginu en ríkisvaldið sjálft, enda þinghöld og aðalfundir af sumum talin eðlilegri vettvangur til ákvörðunar um stjórn landsins en Alþingi þjóðarinnar, svo og er ógnun um valdbeitingu gegn ríkinu og stjórn þess af hendi einstakra félagssamtaka ekki lengur tóm orðahjal, heldur staðreynd, sem grímulaust hefur verið beitt, t. d. í verkfallinu mikla árið 1955. Í sama mund hefur hið íslenska ríki algerlega brugðizt þeirri skyldu sinni að taka nokkurn beinan þátt í að verja öryggi þegna sinna út á við. Það litla, sem í þeim efnum hefur verið gert, er óbein þátttaka Íslendinga í vörnum landsins, með þeim hætti að ljá vinveittum bandalagsþjóðum aðstöðu til landvarnanna, og er þó sú fyrirgreiðsla í sjálfspágu af sumum eftirtalin og sá hinn veiki varnarvilji nefndur óhæfuverk. Sannleikurinn er hins vegar sá, að sagan getur ekki um neina þjóð, hversu lítil og umkomulaus sem hún kann að hafa verið, sem hafi nokkurn tíma lifað af sem sjálfstæð þjóð, ef hana skorti vilja til sjálfsvarnar. Að verja líf og eignir er frumæðli mannsins og höfuðskylda hvernar þjóðar. Að bregðast þessari frumskyldu er að drýgja dauðasýnd.

Þess var fyrir getið, að eitt af hlutverkum ríkisins væri undir vissum kringumstæðum aðild að atvinnurekstri, en jafnframt var átalinn sá ofvöxtur, sem gert hefur vart við sig í þeirri starfsemi íslenska ríkisins, og bent á, að vaxandi rekstrarafskipti ríkisvaldsins væru mjög varhugaverð. Að því leyti sem Sjálfstæðismenn geta fallizt á afskipti og hlutdeild ríkisins í atvinnurekstri er átt við eftirtaldir, sérstakar kringumstæður, og eiga þessar aðstæður einnig við um atvinnurekstur bæjar- og sveitarfélaga:

- 1) Atvinnurekstur, sem einstaklingum og félagssamtökum þeirra er ofviða að stofna eða reka.

- 2) Atvinnurekstur, sem beint gæti varðað öryggi landsins út á við.
- 3) Atvinnurekstur, sem felur í sér einokunaraðstöðu og ekki er mögulegt að hafa eftirlit með.
- 4) Atvinnurekstur, sem stofna þarf til vegna félagslegrar nauðsynjar, atvinnuleysis, byggðajafnvægis o. fl.

Þó er ekkert þessara atriða algilt, heldur aðeins um meginreglu að ræða. Undir öllum öðrum kringumstæðum er æskilegra að atvinnureksturinn sé í höndum einstaklinga eða félagasamtaka þeirra.

5.

Í samræmi við framangreint mat á manningum sem frum-eind og verðmætiskjarna þjóðfélagsbyggingarinnar, er viðsýnt jafnréttisviðhorf Sjálfstæðisstefnunnar: Að engir menn séu fæddir til neinna réttinda fram yfir aðra samþegna sína, og beri þjóðfélaginu því skilyrðislaust að veita öllum þegnum jafnan rétt og möguleika til þess að þroska hæfileika sína og njóta atorku sinnar. Jafn réttur og möguleikar til menntunar, embætta, atvinnurekstrar og félagslegrar samhjálpar er sú frjálslynda stefna, sem krefst raunverulegs jafnréttis til handa einstaklingunum, en ekki ímyndaðs jafnaðar handa stéttunum.

Nátengt þessu jafnréttishugtaki er stefna Sjálfstæðismanna í félagsmálum, sem leggur höfuðáherzluna á félagslega samhjálp til handa þeim, sem um stundarsakir eða varanlega standa höllum fæti í lífsbaráttunni, ýmist vegna vanheilsu, örorku, aldurs eða vinnuskorts. Lögð er áherzla á það, að fyrirkomulag samhjálparinnar sé ekki með þeim hætti, að hún sljóvgi sjálfsbjargarhvöt einstaklinganna, heldur auki hún á vilja aðnjótenda til þess, þar sem kostur er, að sjá sér að einhverju leyti sjálfum farborða og efli löngun þeirra til heilbrigðrar lífsbaráttu.

Þótt Sjálfstæðisstefnan byggi á einstaklingum, er hún heildarhyggja allrar þjóðarinnar, sem lítur á þjóðina sem lífræna heild, er því aðeins vaxi og dafni, að einstaklingunum öllum vegni vel, en visni ekki og veslist upp, ef einstaklingarnir fá ekki starfssvið og svigrúm. Sjálfstæðisstefnan viðurkennir gildi og þörf starfsstéttanna í nútíma þjóðfélagi verkaskiptingarinnar, þar sem ljóst er, að af verkaskiptingu og greiningu þegna í atvinnu- og starfsstéttir leiði aukna framleiðslu og vaxandi velmegun þegnanna. Jafn fráhverf er Sjálfstæðisstefnan því að viðurkenna starfsstéttirnar sem baráttuaðilja mótsnúna og stríðandi hverja gegn annarri innan sama þjóðfélags, með valdatöku einnar stéttar og drottnun hennar yfir öðrum stéttum að höfuðmarkmiði. Að dómi Sjálfstæðismanna er starfsstétt félagsfyrirbæri að sumu leyti eins og fjölskylda eða heimili, en þó óskýlt og sumpart lauslegra í eðli sínu. Þessi félagseining hefur gildi og felur í sér verðmæti, en ofnat á henni er háskalegt, og ofurvald stétta á kostnað almanna-valds og einstaklingsfrelsis ásamt stéttabaráttu og stríði stuðlar beint að upplausn þjóðfélagsins og hefur heldur engan arman tilgang. Sjálfstæðisstefnan heldur því þess vegna fram, að starfsstéttir sama þjóðfélags eigi, þótt stundum greini eðlilega á um skiptingu afrakstursins, að lokum allar samleið, og því sé kjörorð heilbrigðs jafnvægisþjóðfélags ekki stétt gegn stétt, heldur stétt með stétt, enda segir í frumstefnuskrá flokksins, sem hér hefur verið vitnað til, skýrt og skörinort, að *unnið skuli með hagsmunum allra stétta fyrir augum.*

Stjórnmalastefna, sem byggir á frelsi, trúir á manninn og vinnur að heill heildarinnar, getur ekki keppt að neinu öðru stjórnskipulagi en lýðræði, þar sem réttur allra þegna, hvar í stétt sem þeir eru og hvar á landi sem þeir búa, til þess að hafa áhrif á löggjöf og stjórnskipan landsins sé sem jafnastur. Að þessu hefur Sjálfstæðisflokkurinn keppt frá upphafi, og áfangar á þeirri leið eru þær umbætur á kosningalögum og kjördæmaskipan landsins, sem fengizt hafa fyrir hans atbeina á liðnum áratugum, að ógleymdum óbrotgjarnasta bautastein-

inum, stofnum lýðveldis á Íslandi, sem metingslaust má eigna Sjálfstæðisflokknum flest handtökin við að reisa. Lýðræðið á Íslandi á þó enn langt í land, og mjög þarf nú að herða sóknina fyrir auknum áhrifum þess, svo að þeirri sjálfsgöðu mannréttindakröfu verði fullnægt, að áhrif manna verði sem jöfnust á löggjöf og stjórn landsins.

6.

Hér að framan hefur verið reynt að gera grein fyrir viðhorfi Sjálfstæðisstefnunnar til þess, sem nefna mætti einu nafni andleg verðmæti, til aðgreiningar frá efnalegum og hagrænum verðmætum. Ekki hefur þó farið hjá því, að afstaðan til efnislegu verðmætanna hefur fléttazt inn í þær hugleiðingar. Ég tel því nauðsynlegt að bæta hér nokkru við þá hlið málsins, því að í hinni daglegu baráttu er deilan um hina hagrænu hlið stjórnmalanna oft hörðust. Á þessum vettvangi er Sjálfstæðisstefnan einnig skýrt mörkuð. Aðalinntak efnahagsmálastefnu Sjálfstæðismanna er:

- 1) Einkaeignarréttur.
- 2) Frjálst framtak og frjáls samkeppni.
- 3) Eðlileg tekjuskipting og tekjujöfnuður.

Höfuðdeilan er um eignarréttinn og þá fyrst og fremst eignarréttinn á framleiðslutækjunum, því að í framhaldi hennar kemur svo ágreiningur um rekstrarformin. Það sem Sjálfstæðismenn og aðra borgaralega flokka greinir á um við sósíalista, allt frá gallhörðum marxistum til hægfara jafnaðarmanna, er, að Sjálfstæðismenn vilja, að eignarrétturinn sé frjáls og yfirléitt í höndum einstaklinga, en sósíalistarnir vilja skerða eignarrétt einstaklinganna, sumir afnema hann að mestu, en aðrir takmarka hann verulega, a. m. k. varðandi framleiðslutækini. Þeir, sem aðhyllast rikiseign framleiðslutækjanna, hugsa sér oftast og það rekstrarform, að ríki eða

bærjarfélög reki fyrirtækin og annist dreifingu framleiðslunnar. Einnig eru þeir oftast hneigðir til takmörkunar á almennu athafnafrelsi og fylgjendur svokallaðs „áætlunar-búskapar“ í einhverju formi. — Í samræmi við viðhorf sitt til eignarréttarins vilja Sjálfstæðismenn hins vegar, að atvinnufrelsi ríki og frjáls samkeppni fái að njóta sín við framleiðslu og dreifingu vara. Þær stjórnmalastefnur, sem ýmist viðurkenna eða aðhyllast einkaeignarréttinn, ganga ýmist út frá einkarekstri eða félagsrekstri, svo sem framsóknarmenn. Sjálfstæðismenn byggja stefnu sína aftur á móti, sem fyrr segir, fyrst og fremst á einkarekstri, telja félagsrekstur þó einnig víða henta, en viðurkenna nauðsyn opinbers reksturs aðeins í áður greindum tilvikum.

Að áliti Sjálfstæðisstefnummar er einkacignarrétturinn einn af frumréttindum mannsins, alveg eins og réttur til frelsis og jafnréttis, enda er þessi réttur mannum edlilegur og þjóðfélaginu hagstæður. Eignarvonin leiðir til sparnaðar og sparnaður til fjárfestingar og fjármyndunar, sem svo hafa í för með sér aukna framleiðslu og vaxandi velmegun. Trúin á, að sjálfs sé höndin hollust og hver sinnar gæfu smiður, hefur nokkuð langa reynslu að baki sér, og sú saga er málskjal, sem færir óyggjandi sönnur á nefndar staðhæfingar. Á tímabili atvinnufrelsis og frjálsrar samkeppni hafa orðið stórstígar framfarir í þróun mannlegs samfélags og hagur manna orðið beztur og jafnbeztur. Of mikilli ríkisihlutun um atvinnurekstur hefur alltaf fyrr eða síðar fylgt afturkippur í öllum framförum, stöðnun, versnandi lífskjör og ofsinnis hlutdrægni og spilling, enda hafa slík efnahagskerfi sjaldan orðið langlíf. Augljós vottur um þetta er, að þau lönd, sem nú búa við frjálst efnahagskerfi, þjóða þegnum sínum beztu lífskjörin, en aftur á móti eru lífskjörin lökust í þeim löndum, sem mest hafa opinber afskipti af öllum atvinnurekstri.

Því er auðvitað ekki að neita, að atvinnufrelsi og frjálsri samkeppni geta fylgt vissir ágallar, sérstaklega ef ekkert er

gert til að fyrirbyggja hugsanlegt misrétti þegnanna. Sú varð raunin á tímum gamal-líberalismans. En öllu frelsi fylgir nokkur áhætta. Þar kemur til vandinn að velja milli góðs og ills. En allir hugsandi menn hafa heldur viljað rísa undir þeim vanda en afsala sér frelsinu, því að sá, sem metur öryggið meir en frelsi, er tryggastur í fangaklefanum. Þar getur enginn meinað honum, þar gerir hann engum mein, en það er ekki hlutskipti, sem frjáls maður kys sér. Þeir ágallar, sem kunna að vera á hinu frjálsa kerfi, eru hvorki aðrir né meiri en á öðrum mannanna verkum, og hjá þeim er hægt að sneiða með skynsamlegri löggjöf. — Fylgjendur stefnu hins frjálsa framtaks í dag eru heldur ekki skoðanabræður hinna ortodoxu gamal-líberalista, heldur láta sér reynsluna að kenningu verða, tileinka sér *sósíal-líberöl* viðhorf hagfræðinga 20. aldarinnar og læra tækni og viðhorf hins *félagslega markaðsbúskapar*, sem gera mögulegt að samræma atvinnufrelsi og félagslegt öryggi.

Ein megin ásökunin á hendur hinu frjálsa skipulagi hefur verið sú, að það biði reglulega á vissu árabili heim kreppum og atvinnuleysi. Þessi fullyrðing fær ekki staðizt, enda byggð á úreltum spádómslögmalum Karls Marx, sem að vonum gat ekki séð fyrir tækni- og búskaparþróun 20. aldarinnar og því ekki samið lögmál um viðbrögð óþekktis þjóðfélags við ókunnum efnahagsaðstæðum. Það hefur og sýnt sig, að á síðustu áratugum hefur í borgaralegum þjóðfélögum verið hægt að komast hjá stórfelldum efnahagskreppum með því að beita ákveðinni atvinnu- og fjármálapólitík. Hins vegar hafa hin „kreppu-fríu“ sósíalistisku þjóðfélög ekki farið varhluta af þessum vágesti, því að á sama árabili hafa landbúnaðarkreppur geisad um ýms leppríkjanna í Austur-Evrópu og ekki grunlaust um, að sams konar efnahagsfyrirbæra hafi gætt í Rússlandi, m. a. í þungaiðnaðinum.

Þá hefur því að lokum verið haldið fram, að frjáls samkeppni myndi útrýma sjálfri sér og af myndi hljótast einok-

un. Um þetta er þarflaust að hafa mörg orð, því að auðvelt er að koma í veg fyrir slíka öfugþróun með löggjöf, sem bannar hringamyndun og veitir samkeppninni hæfilegt aðhald.

Það er því rökstudd samfæring Sjálfstæðismanna, að í frjálsu atvinnulífi með frjálsri samkeppni vegni öllum þegnum þjóðfélagsins jafnbezt, því að þá verði framleiðslan mest og bezt, vöruvalið mest og þjóðatekjurnar hæstar.

En það er ekki einungis deilt um eignarrétt, framleiðsluferfi og rekstrarform, heldur engu að síður um skiptingu af-rakstursins. Sósíalistar halda því mjög á lofti, að afrakstri framleiðslunnar sé misskipt, fjármagnið dragi um of til sín. en vinnan beri skarðan hlut frá borði. Þeir þykjast í orði vilja jafna tekjurnar, með því að láta hið alvalda ríki skera úr um það, hvað hverjum beri. Reynslan hefur orðið sú, að hvergi á byggðu bóli er tekjumisræmið meira en í þeim löndum, sem búa við kommúnistíska stjórnhætti. — Sjálfstæðismenn telja, að félagslegur markaðsbúskapur miði að eðlilegri tekjuskiptingu. Þeir hafa og unnið að tekjujöfnun og telja, að bezt fari á því í smágerðu þjóðfélagi, sem hér á landi, að nokkur jöfnuður sé um tekjur manna. Þó er það fullljóst, að um of má sá jöfnuður ekki verða, svo að hann hindri ekki eðlilega fjármagnsmyndun, sem okkar frumstæða þjóðfélagi er flestu fremur nauðsyn á; heldur ekki má tekjujöfnuðurinn verða svo mikill, að hann dragi úr athafnaþrá, afköstum og framleiðslunni yfirleitt. Sjálfstæðisstefnan álitur því merg málsins, að tekjuskiptingin sé með þeim hætti, að hún auki framleiðsluna og það, sem til skiptanna kemur. Hennar skoðun er, að líklegast til árangurs sé því, að eðlilegri arðsvon atvinnurekenda sé haldið vakandi og hlutdeild launþega í afrakstrinum tengd afkomu fyrirtækjanna, beint eða óbeint. Þar sem því verður við komið. Að áliti Sjálfstæðismanna er þessi leið líklegri til þess að setta fjármagn og vinnu en lögþvinganir, sem ekki eru samræmanlegar frjálsu þjóðfélagi.

Ég hef hér að framan reynt í stórum dráttum að gera grein fyrir Sjálfstæðisstefnunni almennt og skýra hana út frá annarri grein frumstefnuskrár flokksins frá árinu 1929.

Með vilja hefur verið gengið fram hjá fyrstu greininni, sem laut að sjálfstæði landsins og utanríkismálum. Stafar það af því, að svo augljósar eru þær staðreyndir, að ástæðulaust er að fara mörgum orðum um. Í fyrsta lagi hefur höfuðáfanganum, stofnun sjálfstæðs lýðveldis, verið náð, og átti Sjálfstæðisflokkurinn þar ýkjulaust stærstan hlut að máli. Um utanríkismálin verður hér heldur ekki fjölyrt. Þar er, hefur verið og mun jafnan verða stefna flokksins, óskorað vald íslenzku þjóðarinnar til lands, lofts og landgrunns. Flokkurinn hefur jafnan talið það helgustu skyldu sína að standa á fyllsta rétti þjóðarinnar í þessum málum og að tryggja öryggi hennar með samningum og samvinnu við aðrar þjóðir eftir því, sem á skortir um afl til varnar einir saman.

Þessar fáu línur gera ekki kröfu til þess að vera tæmandi skilgreining á Sjálfstæðisstefnunni; þess verður ekki með sanngirnri krafizt um svo stutt mál um jafnvíðtækt efni. Í einstökum atriðum kann og túlkunin að bera blæ af persónulegu viðhorfi höfundar, enda erfitt að forðast slíkt, og skiptir varla máli. Tilgangur þessarar greinar er að færa ungum Sjálfstæðismönnum heim sanninn um, að Sjálfstæðisstefnan er heilsteypt, jákvætt hugsanakerfi, ekki dauðar kennisetningar, ofsatrú né allt-skýrandi lífsskoðun, heldur heilbrigt, lífrænt viðhorf til lausnar á þjóðfélags- og efnahagsmálum. Sjálfstæðisstefnan er enginn boðskapur um þúsund ára draumaríki. Sjálfstæðismenn hafa ótrú á postulum patentlausnanna og draumríkjum þeirra, sem í veruleikanum hafa orðið fjöldagrafir og fangelsi frelsisummandi þjóða og drottunarhásæti harðstjóra og múgmörðingja. Boðskapur Sjálfstæðisstefnunnar er aðeins um baráttuna fyrir réttlátu þjóðfélagi frjálsra manna, er fái lifað við menningu og mannsæmandi líf skjör.